

Truenorth Nordic ehf.
Fiskislóð 31a
101Reykjavík

Reykjavík, þriðjudagur, 7. júlí 2022
UST202206-313/P.B.S.
09.04.00

Umsókn um kvikmyndatökuleyfi - NorthSix - Kleifarvatn

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth Nordic ehf., dagsett 30. júní 2022, um kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs, nánar tiltekið við Kleifarvatn.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku og utanvegaakstur við Kleifarvatn. Staðsetning við Kleifarvatn er fjaran sunnan við Lambhagavatn og fjaran norðan Syðristapa. Undirbúningur verkefnis á að hefjast 11. júlí, tökur 12. og 13. júlí og frágangur 14. júlí.

Fjöldi starfsmanna sem koma að verkefninu eru 85, fjöldi ökutækja í heild er um 45 (10-12 aðstöðu- og eldhús trukkar og um 8 tækjatrúkkar/bílar).

Um 18 bílar fara niður á tökustað þar sem þörf er á utanvegaakstri, 4 trukkar og aðrir jeppar.

Gert er ráð fyrir tjöldum og minniháttar leikmunum og gervisnjó (sem umsækjandi tekur fram að sé úr kartöflusterkju, sá snjó er blandaður vatni við framleiðslu og eftir notkun og skolast í burtu). Gert er ráð fyrir minniháttar raski í sandfjörum. Tvö tæki eru notuð til að framleiða snjó, annað bensínknúíð, hitt rafmagnsknúíð tengt við díselrafstöð. Vatn er tekið úr Kleifarvatni við framleiðslu og hreinsun á snjónum. Samkvæmt upplýsingum frá umsækjanda á snjórinna ekki að vera notaður í miklu magni og engir skaflar verða myndaðir.

Þær mótvægisáðgerðir sem umsækjandi hyggst beita er að hreinsað verður að loknum tökum, slóðadregið og hrífað til eins og þarf.

Gert er ráð fyrir að nota hunda og hesta en það er í skoðun og verður sótt um leyti til Mast vegna þessa.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að sá utanvegaakstur sem farið verður í hafa neikvæð áhrif á svæðið, en stefnt er að því að afmá öll för svo áhrifin eru afturkræf og tímabundin. Svæðið er eftirsótt til útivistar og truflun meðan á verkefninu stendur getur verið veruleg en er tímabundin.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Truenorth Nordic ehf. fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan dagana 11-14. júlí 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Takmarka skal fjölda ferða sem bílar aka utanvegar í fjörunni eins og kostur er.
- Hámarksfjöldi bíla sem fara niður í fjöru á upptökustað verður 18.
- Þeir bílar sem eru ekki í notkun skulu vera lagðir á bílastæði.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið og taka tillit til gesta sem þegar eru á svæðinu.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin/auglýsingin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Afmá skal öll ummerki verkefnisins á svæðinu að því loknu, afmá för vegna utanvegaaksturs með hrifu og þar sem ekki er er gróður má einnig slóðadruga.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Mikilvægt er að öll ökutæki og tæki notuð til að framleiða snjó séu í góðu ástandi til að koma í veg fyrir olíumengun.
- Að gervisnjórinn verði fjarlægður/afmáður eins og kostur er eftir að verkefni lýkur.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Leyfi Matvælastofnunar þarf vegna notkunar dýra í tókunum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

René Biasone
sérfræðingur

Þórdís Björt Sigþórsdóttir
teymisstjóri